



Agastefna

Hnefaleikasamband Íslands

1. Markmið og tilgangur

Markmið þessarar agastefnu er að:

- Tryggja öruggt, faglegt og siðferðilega ábyrgt íþróttastarf
- Vernda bæði líkamlega og andlega velferð iðkenda
- Setja samræmd og bindandi hegðunarviðmið
- Tryggja jafnræði og réttláta málsmeðferð í agamálum
- Stuðla að trausti í hnefaleikum á Íslandi

Stefnan er bindandi fyrir alla aðila sem viðkoma hnefaleikum á Íslandi.

2. Gildissvið

Agastefnan gildir fyrir:

- Iðkendur (börn, ungmenni og fullorðna)
- Þjálfara og aðstoðarþjálfara
- Dómara og aðra fulltrúa
- Stjórnendur, starfsmenn og sjálfboðaliða
- Aðra sem koma fram fyrir hönd Íslands
- Aðstandendur

Agaábyrgð er persónuleg og óháð stöðu innan félags.



3. Lagalegur og stjórnskipulegur rammi

Stefnan byggir á og samræmist:

- Íslenskum lögum (þ.m.t. barnaverndarlögum, persónuverndarlögum og stjórnsýslulögum)
- Reglum og siðareglum ÍSí
- Reglum World boxing (WB) og Europe boxing (EB)

Ef ágreiningur verður um forgang skal íslensk löggjöf og agastefna þessi hafa forgang.

4. Gildi

Allt starf skal byggja á:

- Virðingu
- Öryggi og velferð
- Heiðarleika og sanngirni
- Ábyrgð og fagmennsku
- Jafnrétti og mannhelgi

5. Almenn hegðunarviðmið

Óásættanleg hegðun felur meðal annars í sér:

- Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi
- Einelti og hótanir
- Mismunun



- Ógnandi eða árásgjarna hegðun
- Brot á öryggi
- Óheiðarleika, svindl og ólögmæt áhrif á úrslit
- Vanvirðingu við dómara, þjálfara, keppendur og aðra sem koma að mótum.

Hegðun utan æfinga og keppna fellur undir stefnuna ef hún hefur áhrif á öryggi, orðspor og/eða starf íþróttarinnar.

6. Samfélagsmiðlar og stafrænt rými

Óviðeigandi hegðun á netinu telst agabrot ef hún:

- Tengist einstaklingum innan íþróttarinnar
- Felur í sér einelti, hótanir eða niðurlægingu
- Brýtur gegn friðhelgi eða persónuvernd
- Felur í sér óviðeigandi samskipti fullorðinna við börn

7. Sérstök ábyrgð eftir hlutverkum

7.1 Iðkendur

- Virða reglur og fyrirmæli
- Sýna íþróttamannslega framkomu
- Ekki misnota þekkingu boxs utan íþróttar
- Forðast ólögleg efni

7.2 Þjálfarar

- Setja heilsu og öryggi í forgang



- Misnota ekki vald eða stöðu
- Beita ekki niðurlægjandi eða skaðlegum aðferðum
- Virða mörk og tryggja öryggi iðkenda
- Uppfylla tilkynningarskyldu samkvæmt barndaverndarlögum

7.3 Dómarar og aðrir fulltrúar

- Starfa af óhlutdrægni
- Forðast hagsmunaárekstra
- Sýna fagmennsku og virðingu
- Gæta trúnaðar

8. Heilsu- og öryggisákvæði

- Þjálfari má aldrei þrýsta á iðkanda að keppa (t.d. ef iðkandi er meiddur)
- Iðkandi hefur ávallt rétt til að hætta keppni ef ástæður eru að baki
- Læknisráð hefur forgang yfir keppnissjónarmið
- Refsihegðun vegna meiðsla eða veikinda er óheimil

9. Alvarleg agabrot

Alvarleg agabrot fela meðal annars í sér:

- Kynferðislega áreitni og/eða ofbeldi
- Misnotkun valds
- Misnotkun vímuefna
- Ofbeldi



- Brot sem varða við almenn hegningarlög

Slík mál geta leitt til tímabundinnar eða varanlegrar útilokunar.

10. Málsmeðferð

- Mál skulu fara fyrir sjálfstæða aganefnd
- Aðilar njóta andmælaréttar og jafnræðis
- Úrskurðir skulu vera skriflegir og rökstuddir
- Heimilt er að beita tímabundnum ráðstöfunum á meðan mál er til meðferðar

11. Viðurlög

Tiltæk viðurlög skulu vera í samræmi við meðalhóf:

1. Áminning
2. Skilyrt áminning/fræðsluskylda
3. Tímabundið keppnisbann / starfsbann
4. Tímabundin brottvísun
5. Varanleg brottvísun

12. Skylda til samstarfs

Neitun um samvinnu, rangar upplýsingar eða hindrun málsmeðferðar geta sjálfstætt talist sem agabrot.



13. Innleiðing og ábyrgð klúbba

Allir klúbbar skulu:

- Kynna stefnu þessa innan sinna raða
- Tryggja undirritun siðasamninga
- Tilnefna tengilið vegna agamála
- Stuðla að fræðslu og forvörnum

14. Endurskoðun

Agastefna þessi skal endurskoðuð reglulega og að minnsta kosti á fjögurra ára fresti, eða ef lagabreytingar og/eða reglubreytingar WB/EB krefjast þess.

Samþykkt af stjórn mars 2026